

# LÖG

## um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (framlenging bráðabirgðaheimilda).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 208. gr. laganna:

- a. Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020“ í 1. og 2. mgr. kemur: 31. desember 2021.
- b. Í stað orðanna „aðalmeðferð og önnur þinghöld en þingfesting almennra einkamála“ í 1. mgr. kemur: þingfesting, aðalmeðferð og önnur þinghöld.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X í lögnum:

- a. Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 31. desember 2021.
- b. Á undan orðinu „aðalmeðferð“ í 2. mgr. kemur: þingfesting.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020“ í 1. og 2. mgr. 158. gr. laganna kemur: 31. desember 2021.

### IV. KAFLI

#### Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

4. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. október 2020“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: 31. desember 2021.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 17. nóvember 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.*